

## Fundargerð

Starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga

Dags: 22.02.2023 kl. 9:00-10:00

**Fundinn sátu** : Haraldur Þór Jónsson, Jónína Brynjólfsdóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Helgi Gíslason, Jón G. Valgeirsson, Daði Már Kristjánsson og Jóhannes Á Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá/umræðuefni:

1. Hvernig sjáum við fyrir okkur verkefni næstu vikna
2. Vinna við útreikninga hjá Daða og Háskólanum
3. Tímalínan framundan
4. Önnur mál

Farið yfir stöðuna, hvaða verkefni eru framundan. Í samráðsgátt stjórnarvalda er hægt að skila inn umsögnum til 31. ágúst er snýr að breytingum á skattaumhverfi orkuvinnslu. Mikilvægt að öll sveitarfélög skili inn umsögnum.

Daði Már Kristjánsson fór yfir stöðuna við gerð líkans er varðar mögulegar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu. Nemandi hans Þorsteinn Stefánsson hefur unnið að þessu verkefni í tengslum við lokaverkefni í hagfræði. Sú vinna hefur gengið mjög vel og nú liggja fyrir fyrstu drög að líkani.

Ákveðið var að halda fund á föstudaginn 25 ágúst kl. 10:00 og fá kynningu hjá Þorsteini á þessu líkani.

Fundi slitið kl. 09:30